

Ráðstefna um stuttrófukyn sauðfjár Eftir Jóhönnu E. Pálmadóttur

Dagana 4.-8. september var haldin ráðstefna í Félagsheimilinu á Blönduósi um stuttrófukyn sauðfjár í löndum sem liggja að Norður Atlandshafi og var hún opin öllum. Ráðstefnan var fjölmenn en allt að 100 manns sóttu hana frá 13 löndum. Þar á meðal frá Ástralíu, Suður Afríku, Kanada, Þýskalandi og Bandaríkjunum.

„North Atlantic Sheep and Wool Conference“ er haldin árlega og færist á milli aðila en þeir eru (auk Íslands) Noregur, Grænland, Færeyjar, Hjaltland, Orkneyjar, Suðureyjar og Mön. Þegar Textílsetrið tók ráðstefnuna að sér í Noregi árið 2012 var strax ákveðið að halda hana um réttarhelgi. Réttir og réttarstemming eins og okkur þykir eðlileg er algjörlega óþekkt annars staðar en hér.

Fyrir gesti okkar var það ógleymanleg upplifun að sjá safnið koma niður af Auðkúluheiðinni sem og réttir í Undirfellsrétt. Hvar sem við komum og hvert sem við fórum upplifðu gestirnir einstakan atburð í þeirra huga. Dáðust þeir að fyrirkomulaginu við réttarstörf, innreksturinn og dáðust að samvinnunni hjá fólkinu. Þetta kennir okkur að oft er glögg gestsaugað.

Fyrirlestrar voru haldnir fyrir hádegi en ferðir og heimsóknir eftir hádegi. Fyrirlesarar voru 11 frá 8 löndum og fjölluðu um allt frá sauðfjárrækt, litum búfjár, ull, vefnað og filti. Vöktu fyrirlesararnir mikla lukku enda voru erindin fróðleg og spennandi. Á meðan á fyrirlestrum stóð um kljásteynavefstaðinn voru konur að vefa í miðaldabúningum. Handverkssýning frá aðildarlöndunum var haldin á meðan á ráðstefnunni stóð og heimsins stærsta peysa úr handspunninni ull hékk uppi fyrir framan húsið um helgina.

Ferðir og heimsóknir voru síðan eftir hádegið. Á leið norður var komið við í Ístex og Ullarselinu á Hvanneyri. Á föstudeginum var farið að Þingeyrakirkju, Undirfellsrétt, Vatnsdalshringinn, í Kvenfélagskaffi á Húnavöllum og endað í Auðkúlurétt til að sjá safnið koma niður.

Á laugardeginum var farið í heimsóknir í SAH afurðir, Heimilisiðnaðarsafnið, Minjastofu Kvennaskólans og Vatnsdælu á refli. Sunnudagurinn var nýttur í Skagafirðinum þ.e. Gestastofu Sútarans og Kakalaskála þar sem fólkið fékk sögu Haugsnesbardaga, neyttu Ásbirningablóts, nutu söngs Sóldísanna og frásagnar um miðaldabúninga.

Farið var yfir Kjöl eftir heimsókn í fjárhúsin í Stóradal á mánudeginum en það var síðasti dagurinn. Endað var í ullarvinnslunni Þingborg og fóru allir gestir hamingjusamir heim.

Að undirbúningi komu auk Textílsetursins, sem bar ábyrgð á ráðstefnunni, Bændasamtök Íslands, Ullarselið á Hvanneyri, Þekkingasetrið á Blönduósi og Landbúnaðarháskóli Íslands.

Hvar sem komið var, var tekið vel á móti hópnum enda gestirnir mjög ánægðir með frábærar móttökur og upplifun sem seint gleymist. Því miður var enginn áhugi á ráðstefnunni hjá fjölmiðlum en við munum reynað gera henni skil eins og möguleiki er á.

Við viljum þakka öllum sem lögðu okkur lið og gerðu okkur kleift að halda svona myndarlega ráðstefnu fyrir þeirra framlag og styrki.

Fyrir hönd undirbúningshópsins,

Jóhanna E. Pálmadóttir